

SKÝRSLA STJÓRNAR

Landssambands hestamannafélaga

starfsárin 2006 – 2008

Aðalstjórn:

Formaður:	Haraldur Þórarinnsson
Varaformaður:	Vilhjálmur Skúlason
Gjaldkeri:	Maríanna Gunnarsdóttir
Ritari:	Einar Ragnarsson
Meðstjórnendur:	Sigurður Emil Ævarsson
	Sigfús Helgason
	Oddur Hafsteinsson

Varastjórn:

Hinrik Már Jónsson
Sigrún Valdimarsdóttir
Þorvarður Helgason
Kjartan Hreinsson
Eypór Jón Gíslason

- Stjórnarfundir.

Frá síðasta landsþingi hafa verið haldnir 24 formlegir stjórnarfundir og 2 símafundir. Aukafundir voru 3. Fundargerðir stjórnarfundanna er að finna á heimasíðu LH: <http://www.lhhestar.is>, einnig er hægt að hafa samband við skrifstofu LH og fá send ljósrit af þeim.

- Skrifstofuhald LH

Skrifstofan er sem fyrr opin frá klukkan 9 – 16 alla virka daga og símatími er milli klukkan 10 - 13. Á skrifstofunni vinna í fullu starfi Oddrún Ýr Sigurðardóttir og Regína Sólveig Gunnarsdóttir þá er Jens Einarsson nú í sérverkefnum hjá LH.. Vinnan á skrifstofu LH hefur aukist jafnt og þétt síðustu árin og hefur verkefnum margra nefnda fjölgað. Þar af leiðandi

er sífellt brýnni þörf fyrir aðstoð skrifstofu við úrlausn og utanumhald ýmissa mála.

Sólveig Ásgeirsdóttir lét af störfum hjá LH í byrjun júlí 2008 eftir 8 ára starf hjá sambandinu og Sigrún Ögmundsdóttir hætti störfum í byrjun ágúst eftir 10 ár. Sigrún tók þó að sér undirbúning fyrir landsþing LH sem sérverkefni fram yfir þingið.

Vera Vilhjálmisdóttir vann í rúmt ár á skrifstofu LH – fyrst í afleysingum fyrir Sólveigu sem var í bareignarfrí og síðan hjá Landsmóti.

Framkvæmdastjóri Landsmóts hestamanna ehf, Jóna Fanney Friðriksdóttir hafði aðstöðu á skrifstofu LH auk fleiri starfsmanna landsmótsins.

- Nefndir LH.

Vísað er í skýrslur frá nefndunum hér seinna í skýrslunni en þar kemur fram að mikið og gott starf hefur verið unnið á síðastliðnum árum.

Fundarsalir hjá ÍSÍ eru mikið nýttir undir nefndarfundi og sérstaklega eftir að aðstaða til fundarhalda var bætt til muna hjá ÍSÍ. Fundarsalir eru fleiri og fjölbreyttari og aðgengi að þeim auðveldari.

- LH 60 ára á næsta ári

Í ljósi þess að LH verður sextugt á næsta ári hefur stjórn LH fengið Kára Arnórsson til að sjá um ritun sögu LH frá upphafi til þessa dags. Hann hefur fengið til liðs við sig í þetta verkefni þá Hjalta Jón Sveinsson og Gísla B. Björnsson. Fyrir liggur að skipa ritnefnd þeim til aðstoðar.

Stjórn LH hefur lagt í vinnu með Bjarna S. Jónssyni ráðgjafa við að skoða starfsemi LH með tilliti til þess umhverfis sem LH starfar í. Afrakstur þeirrar vinnu verður kynntur hér á þinginu og um hana fjallað með það að markmiði að fá skýra sýn á tilgang og markmið þess sem hestamannafélögin ætlast til af LH.

- LHfréttir

LH réðst í það verkefni að gera samning við Fréttablaðið um útgáfu LHhesta. Tilgangur þess var að vekja áhuga fólks á hestamennsku og koma sjónamiðum okkar hestamanna á framfæri við hinn almenna borgara. Þá var eitt megið markmiðið að fjalla um landsmót og vekja áhuga á því. Þetta tókst nokkuð vel þrátt fyrir að

LM hafi dregið sig út úr þessu samstarfi að hluta. Stjórn LH hefur ekki tekið ákvörðun um áframhald LHhesta og er að skoða ýmsa möguleika í að koma okkar skoðunum á framfæri en það er nauðsynlegt fyrir LH að sjónarmið stjórnar og nefnda ásamt því mikla starfi sem hestamannafélögin vinna komist rétt til skila.

- Erlent samstarf.

LH hefur verið aðili að FEIF frá stofnun þess árið 1969. Nú eru 19 þjóðlönd í FEIF með meira en 70.000 félagi. Fjórar fastanefndir starfa í FEIF; sportnefnd, æskulýðsnefnd, menntanefnd og kynbótanefnd en auk þess eru starfandi undirnefndir í t.d. sportnefndinni (gæðingakeppnisnefnd og dómaranefnd) auk annarra nefnda sem vinna að sérverkefnum hverju sinni. Sportnefndin t.d. yfirfer og undirbýr keppnisreglur og sér um reglur og reglugerðir fyrir heimsmeistaramót. Kynbótanefnd sér um samræmingu á kynbótareglum milli landa og alþjóða kynbótareglurnar FIZO. Æskulýðsnefnd skipuleggur m.a. Youth CUP og Youth CAMP mót unglinga. Ísland hefur fulltrúa í flestum þessara nefnda og funda þær 1 – 3 sinnum á ári auk þess að aðalfundar FEIF er haldinn um miðjan febrúar í tengslum við árlega ráðstefnu FEIF. Heimasíða FEIF er www.feif.org og þar er að finna nánari upplýsingar um alla starfsemi samtakanna.

Stjórn LH er einhuga um að nauðsyn beri að hlúa vel að þessu erlenda samstarfi og vera þar leiðandi afl ef mögulegt er en það er ein af áhrifaríkustu leiðunum til að kynna íslenska hestinn erlendis.

Margir efast um gildi erlends samstarfs um íslenska hestinn en því er til að svara að ef við ætlum á annað borð að taka þátt í heimsleikum og þar með að koma íslenskum áherslum á framfæri í keppni, ræktun, tamningum og almennt umgjörð um hestamennskuna þá er þetta rétti vettvangurinn.

- Lokaorð

Á undanförnum árum hafa orðið stórstígar framfarir í hestamennsku og hrossarækt eins og fram kom á Landsmótinu í sumar, þökk sé miklu starfi hestamannafélaganna í landinu. Þau hafa staðið fyrir fræðslu og útbreiðslustarfi, byggt upp stórglæsileg athafnasvæði og eru auk þess að langmestu leiti skuldlaus. Uppbygging á aðstöðu fyrir félagsmenn sína hafa félögin byggt upp í samstarfi við sveitafélögin og ríki, sem hafa aukna trú á hugmyndum þeirra og framkvæmdaáætlunum.

Rísa nú um allt land reiðhallir í eigu hestamannafélaganna og félaga þeim tengdum. Einnig hafa margir einstaklingar sem hafa lifibrauð sitt að hestamennsku reist sér aðstöðu.

Mikilvægt er að félögin geri sambærilega rekstrar samninga við sveitarfélög og önnur íþróttafélög svo þessar fjárfestingar fari ekki illa með starfsemi félaganna.

Þessar reiðhallir eiga eftir að gjörbreyta aðstöðu þeirra sem kjósa að stunda hestamennsku.

Umfang hestamenskunnar fer stöðugt vaxandi í íslensku samfélagi og hesturinn verður fyrir valinu hjá sífellt fleiri einstaklingum sem valkostur til að njóta útiveru, keppa, rækta, temja, kenna og m.fl. Við hestamenn viljum

einnig meina að ekkert annað sport sé jafnheppilegt sem fjölskyldusport þar sem allir eiga að geta fundið sér hest við hæfi.

Mörg verkefni hafa verið á borði stjórnar þessi tvö ár frá síðasta þingi eins og sést á þessari skýrslu.

Á þingi okkar hestamanna í Borgarnesi 2006 höfðum við miklar áhyggjur af öryggismálum okkar. Strax að loknu þingi skipaði stjórn LH nefnd til að skoða öryggismál okkar en þau hafa verið mikið í umræðunni.

Málefni hestamanna hafa alltaf verið mér mjög hugleikin frá því ég byrjaði í hestamennsku, fyrst sem unglingur svo sem virkur félagi og formaður í hestamannafélagi og nú sem formaður LH.

Verkefnin sem eru á okkar borði eru þau sömu og áður, þ.e. reiðvegamála sem stöðugt verður mikilvægari þar sem sótt hefur verið að hestamönnum bæði skipulagslega og öryggislega. Æskulýðsmál en þau eru hornsteinninn að því að okkur takist að byggja hestamennsku til framtíðar með eðlilegri endurnýjun. Menntamál en þar hefur LH reynt að koma sínum sjónarmiðum á framfæri eins og lög ÍSÍ mæla fyrir og stóð ásamt menntamálaráðuneyti fyrir ráðstefnu um menntamál hestamanna. Mikilvægt er að tryggja að nóg framboð sé á fólki með tilskilin réttindi til að sinna allri kennslu og fræðslu í kringum hestinn og að því ætlar LH að stuðla.

Málaflokkarnir eru margir sem koma að okkur eins og kemur hér fram í skýrslum nefnda og allir eru þeir mikilvægir þó áherslur á þá geti verið misjafnar frá tíma til tíma.

Það er okkur hestamönnum mikilvægt að standa vel saman nú á þessum tímamótum þegar samtök okkar eru að verða sextug.

Við þurfum að ræða hér á þinginu áherslur og framtíðarsýn okkar á starfsemi hestamannafélaganna í landinu og hvernig þau vilja beita LH.

Ég tel að nú á þessum tímamótum og við þær aðstæður sem eru í okkar þjóðfélagi þurfi hestamannafélögin að standa vel í ístaðinu og verja hag sinna félagsmanna með góðu samstarfi við sveitarfélögin og aðra sem að málefnum okkar koma.

Mér finnst stundum sem það gleymist að sú staða og umgjörð sem er um hestamennskuna í dag er fyrst og fremst að þakka þróttmiklu starfi hestamannafélaganna í landinu, aðrir koma þar vissulega að en á vettvangi félaganna og LH hafa þeir gluggar verið búnir til sem mestu máli skipta fyrir þróun hestamennskunnar í framtíðinni bæði hér heima og erlendis.

Góðir hestamenn það skiptir okkur miklu máli að hér sem áður á þingum LH fari fram málefnaleg umræða þar sem við setjum okkur markmið til framtíðar.

Að lokum vill ég fyrir hönd stjórnar þakka öllu því frábæra fólki sem hefur unnið með óeigingjörnum hætti að eflingu hestamennskunnar fyrir þeirra framlag og minni á slagorð LH að hestamennska sé allt í senn íþrótt, menning, lífsstíll og þannig færir hún miljarða tekjur í ríkissjóð sem ekki veitir af í dag.